

Reykjavík 24.01. 2019.

Umsögn um 393. mál, stjórnarfrumvarp um þungunarrof, þingskjal 521, 149. löggjafarþing 2018-2019

Í umfjöllun um fósturdeyðingar finnst mér hvað helst eitt vanta í þessa alvarlegu umræðu sem fáir ræða um, sem er réttur barnsins sem er verið að ræða um þegar það kemur að fósturdeyðingum.

Í þeim samræðum sem ég hef átt við manneskjur hefur umræðan um afhverju þetta eru ekki persónur snúist um stærð, þroska, umhverfi og þörf þeirra á líkama móður til að halda lífi, en ekkert af þessu hefur áhrif á gildi og vægi persónu, eða á þá staðreynd að um sé verið að ræða persónu.

Í mannréttindayfirlýsingu sameinuðupjóðanna kemur fram í 3 grein “Allir eiga rétt til lífs, frelsis og mannhelgi.” og í 5 grein “Enginn skal sæta pyndingum, grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.” og í 6 grein “Allir eiga rétt á viðurkenningu að lögum, hvar í heimi sem er.” og í 7 grein “Allir skulu jafnir fyrir lögnum og eiga rétt á jafnri vernd þeirra, án nokkurrar mismununar. Ber öllum jafn réttur til verndar gegn hvers konar mismunun, sem í bága brýtur við yfirlýsingu þessa, svo og gagnvart hvers konar áeggjan til slíkrar mismununar.”

Oft hef ég heyrt orðatiltækið “Minn líkami, mitt val” þegar það kemur að samtölum um fósturdeyðingar, en sannleikurinn er sá að ég hef ekki frelsi til að nota minn líkama hvernig sem ég vil ef það hamlar frelsi einstaklings, hvað þá ef það tekur líf hans.

Er því stærsta spurningin í öllum þessum samræðum um fósturdeyðingar þessi: Er verið að deyða mennskar persónur með sama rétt og ég að lífi og frelsi? Ég hef talað á móti fósturdeyðingum lengi, og enn í dag ekki heyrt gott svar við þessari stóru spurningu.

Í því að breyta orðarlaginu frá fóstureyðingar sem ætti fyrir mér að vera frekar fósturdeyðingar yfir í þungunarrof er verið að gera lítið úr persónunni í móðurlífi.

Ég er fyrst og fremst fylgjandi Jesú Krists, svo eiginmaður og faðir 3 barna, tvö af þeim eru fötluð. Ég veit að það er ekkert lítið mál að eiga við fötlun, þær nætur sem lítið er sofið, dagarnir og vikurnar sem er eytt uppá sjúkrahúsi og síðan tæki og tól sem þarf að læra á.

Ég skil fullvel áhrifin sem þetta hefur á geð- og líkamlega heilsu, en sem Kristinn maður þá sé ég í börnum mínum, hvort sem þau eru fötluð eða ekki, órjúfanlegt gildi í því að þau eru sköpuð í mynd skapara síns, og reyni því mitt besta að þjóna, elska og sýna fórnandi kærleika í samræmi við líf frelsara míns Jesú Krists.

Það var Elbert Hubbard sem sagði eitthvað á þessa leið: “Ef þú vilt koma í veg fyrir gagnrýni gerðu ekkert, segðu ekkert, og vertu ekkert” Ég skora á þingmenn landsins að standa vörð um þá sem enga rödd hafa, jafnvel ef það endar í gagnrýni, ekki lifa fyrir hrós múgsins, heldur fyrir eina áhorfandann sem skiptir máli, Guð þinn og álits hans.

Verjið lífið, og frekar en að leitast eftir að víkka ramman í kringum fósturdeyðingar gerið það auðveldara fyrir venjulegt fólk að ættleiða og ýtið undir menningu sem sér um þá sem fæðast í þörf fyrir aðstoð.

Styðjið mæður og foreldra í erfiðum kringumstæðum, og gerið það ekki með því að deyða þá persónu sem gæti gert erfiðar aðstæður enn erfiðari, heldur með því að hvetja fólk, stofnanir og ríki til að veita stuðning því fólki sem þarf á stuðning að halda.

Takk fyrir tíma ykkar,

Gunnar Ingi Gunnarsson, Loftstofan Baptistakirkja.